

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um skipan heilsugæslulækna til að sinna sóttvörnum.

1. gr.

Yfirlæknar eftirtalinna heilsugæslustöðva skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis.

Í Reykjavík: Lækningaforstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fyrir Norðurland: Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akureyri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 4. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2002.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.